



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing SPÆN1AA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

<b>Búið til – útg.</b>	22. sept 2016 – 1. útg
<b>Námsgrein</b>	Spænska
<b>Titill</b>	Spænska 1 fyrir grunn notanda - a
<b>Skammstöfun</b>	SPÆN1AA05
<b>Viðfangsefni</b>	Evrópski tungumálaramminn, grunnur, stig a1
<b>Staða áfanga</b>	Samþykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	1
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptabáttunum tali, framsögn, hlustun og ritun í samræmi við Evrópska tungumálarammann. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanámi og átti sig á mikilvægi eigin frumkvæðis og vinnu.
<b>Forkröfur áfanga</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans</li> <li>• grundvallarþætti spænska málkerfisins</li> <li>• menningu, samskiptavenjum og siðum spænskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt og geta fylgt einföldum fyrir mælum og skilið helstu kveðjur og kurteisisávörp</li> <li>• lesa og greina orð og mjög einfaldar setningar úr daglegu lífi.</li> <li>• taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir.</li> <li>• tjá sig um sjálfan sig, fjölskyldu sína og atburði daglegs lífs með því að beita grunnorðaforða tungumálsins.</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing SPÆN1AA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hlusta á og greina einfalt talað mál um sjálfa/n sig og nánasta umhverfi og draga viðeigandi ályktanir</li> <li>• rökstyðja og bera saman notkun á einföldum setningum yfir athafnir daglegs lífs</li> <li>• leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni</li> <li>• draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fólki sem hann þekkir</li> <li>• skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í skapandi skrifum</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Fyrri hluti námsmats er í formi símats, sem byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir. Síðari hluti námsmats er í formi lokaprófs í lesskilningi, ritun og málfræði.</p>